

Nd.

97. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922, um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem er fram borið til að staðfesta þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin með bráðabirgðalögum hefir gert viðvikjandi umbúningi fiskjar, er til Spánar og annara Miðjarðarhafslanda er fluttur.

Þegar málið var afgreitt í nefndinni, var einn nefndarmanna, Sigurjón Ólafsson, fjarverandi sökum veikinda. Þeir fjórir nefndarmenn, sem á fundi voru, leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1931.

Sveinn Ólafsson,
form.

Benedikt Sveinsson,
fundaskrifari.

Hákon J. Kristófersson.

Jóhann P. Jósefsson,
frsm.